



## Ávarp forseta Íslands

Starfsemi Stýrimannaskólans á Dalvík sýnir stórhug og framtíðarsókn byggðarlagsins. Dalvík hefur á margan hátt orðið sönnun þess að atvinnulíf landsbyggðarinnar felur í sér fjölmörg sóknarfæri ef menntun, ný heimsýn og traustar hefðir heimabyggðar haldast í hendur.

Blað nemenda skólans endurspeglar þessa eiginleika byggðarlagsins. Nemendurnir eru reiðubúnir að sækja á ný mið, beita bestu tækni og varðveita jafnframt þá hæfni sem skipað hefur íslenskum sjómönnum í fremstu röð í veröldinni.

Í umróti efnahagslífsins á nýrri öld er mikilvægt að efla áfram þá eðalkosti sem dugað hafa Dalvíkingum og nemendum Stýrimannaskólans best á undanförunum árum. Mannlíf og skólahald á Dalvík eru staðfesting þess að sé vel á málum haldið geta allar byggðir landsins átt í vændum framfaraskeið.

Það eru mannauðurinn og menntunin sem ráða munu úrslitum um farsæld Íslendinga í framtíðinni. Þar gegnir skóli ykkar mikilvægu hlutverki.

Ég óska ykkur allra heilla.

Ólafur Ragnar Grímsson